

10:15-11:00 Rauða fundaherbergi 2. hæð	LESTRARSPJÖLD Í BEKKJARKENNSLU ÍSLENSKA YNGSTA STIG
	Umsjón: Guðbjörg, læsisráðgjafi (gudbjorg.rut.thorisdottir@mms.is)
	Lestrarkortin eru byggð á hugmyndum tveggja kennara sem vildu auka fjölbreytni í lestrarþjálfun og koma betur til móts við þarfir nemenda. Á kynningunni verða kortin og notkunarmöguleikar þeirra í bekkjarkennslu kynnt en þeim er ætlað að þjálfar fleiri þætti læsis en einungis lesfimi. Kortin eru ætluð nemendum á yngsta stigi. Þeim fylgja kennsluleiðbeiningar og tillögur að verkefnum sem einnig verða gerð skil á kynningunni.

10:15-11:00 Opíð rými, 3. hæð	BÖRN Í OKKAR HEIMI SAMFÉLAGSGREINAR (LÍFSLEIKNI) MIÐSTIG
	Umsjón: Sigrún Sóley, ritstjóri í samfélagsgreinum (sigrun.soley.jokulsdottir@mms.is)
	Kynntar verða fjórar kennslubækur í flokknum <i>Börn í okkar heimi</i> ásamt kennsluleiðbeiningum. Bækurnar eru <i>Fátækt og hungur</i>, <i>Flóttamenn og farandfólk</i>, <i>Fordómar og þröngsýni</i> og <i>Stríð í heimi</i>. Með útgáfu þessara bóka er hugsunin að auðvelda kennurum að fjalla um viðkvæm og flókin málefni sem eru ofarlega á baugi í umræðum og fréttum.

10:15-11:00 Hvíta fundaherbergi, 1. hæð	STÆRÐFRÆÐI OG BÓKMENNTIR 2 NÝIR TITLAR STÆRÐFRÆÐI YNGSTA STIG
	Umsjón: Auður Bára, ritstjóri í stærðfræði (audur.bara.olafsdottir@mms.is)
	Nýjustu titlar í bókaflokknum eru <i>Rúna jafnar leikinn sem</i> fjallar um sléttar tölur og oddatölur og <i>Töluboxið hennar ömmu</i> sem fjallar um flokkun. Áður eru komnar út fjórar bækur er fjalla um samlagningu, frádrátt, form og sætisgildi. Nýjustu bækurnar verða kynntar, eldri bækur verða til umfjöllunar, fjallað um væntanlega titla ásamt notkunarmöguleikum og hugmyndum að útfærslu og leiðum til að vinna með námsefnið í bekkjarkennslu. Gluggað verður í verkefnaheftin sem fylgja bókunum og annað fylgiefni.

10:15-11:00 Bláa fundaherbergi, 1. hæð	NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLAFRÆÐI UPPLÝSINGATÆKNI MIÐ- OG UNGLINGASTIG
	Umsjón: Arna Guðríður, ritstjóri í upplýsingatækni (gurry@mms.is)
	Höfundar <i>Litlu-Lesrúnar</i>, Anna Þóra Jónasdóttir og Kristjana Pálsdóttir, fara yfir uppbyggingu bókarinnar, koma með hugmyndir að útfærslu og benda á leiðir til að vinna með efnið í bekkjarkennslu. <i>Litla-Lesrún</i> er nemendabók ætluð börnum í 2. bekk en getur einnig nýst eldri nemendum. Áhersla er á lestur og lesskilning en í bókinni eru fjölbreyttar textagerðir og lesskilningsverkefni.

11:15-12:00 Rauða fundaherbergi, 2. hæð	LITLA-LESRÚN ÍSLENSKA YNGSTA STIG	
	Umsjón: Elín Lilja, ritstjóri í íslensku (elinlilja@mms.is)	
	Höfundar <i>Litlu-Lesrúnar</i> , Anna Þóra Jónasdóttir og Kristjana Pálsdóttir fara yfir uppbyggingu bókarinnar, koma með hugmyndir að útfærslu og benda á leiðir til að vinna með efnið í bekkjarkennslu. <i>Litla-Lesrún</i> er nemendabók ætluð börnum í 2. bekk en getur einnig nýst eldri nemendum. Áhersla er á lestur og lesskilning en í bókinni eru fjölbreyttar textagerðir og lesskilningsverkefni.	

11:15-12:00 Fjólubláa fundaherbergi, 3. hæð	ÞRIÐJI SMELLUR OG HINIR TVEIR ÍSLENSKA MIÐSTIG	
	Umsjón: Arna Guðríður, ritstjóri í upplýsingatækni (gurry@mms.is) og Sigríður, ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)	
	Nú eru allir <i>Smellirnir</i> komnir út. Um er að ræða nýtt námsefni sem þjálfar lesskilning. Í bókunum er nemendum leiðbeint að lesa fjölbreytta texta af ýmsum gerðum og athygli beint að því að mismunandi textagerðir þarf að lesa á ólíka vegu. Höfundar bókanna eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Á kynningunni verður nýjasti <i>Smellurinn</i> kynntur, eldri bækur verða til umfjöllunar og notkunarmöguleikar ræddir.	

11:15-12:00 Opið rými, 3. hæð	ÁST ER ... AÐ TÝNAST Í ORÐUM KVEIKJUR Í NÝJUM BÚNINGI ÍSLENSKA UNGLINGASTIG	
	Umsjón: Sigríður, ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)	
	<i>Kveikjur</i> er fyrsta bókin í flokki námsbóka í íslensku fyrir unglingastig. Hún var fyrst gefin út árið 2013 í tveimur bókum. Þær hafa verið endurskoðaðar og koma nú út í einni bók. Nú er lag að henda sér út í hringiðu íslenskunnar, týnast í orðum og uppgötva hvað íslenskutímarnir geta orðið ótrúlega skemmtilegir, skapandi, upplýsandi og fróðlegir. Höfundar bókarinnar eru Davíð H. Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir.	

12:30-14:00 Bláa fundaherbergi 1. hæð	ÉG SÉ MEÐ TEIKNINGU MYNDMENNT YNGSTA, MIÐ- OG UNGLINGASTIG
	Umsjón: Harpa, ritstjóri í myndmennt (harpa@mms.is)
	Björg Eiríksdóttir, myndlistarmaður og kennari, kynnir nýtt námsefni í teikningu er ber nafnið <i>Ég sé með teikningu</i> . Björg mun segja frá notkunarmöguleikum námsefnisins og svara eftirfarandi spurningum: Hvers konar námsaðstæður efla nemendur í teikningu og sköpun? Hverjir eru notkunarmöguleikar verkefnabankans? Hvað er átt við með hæfniþáttunum skynjun, hreyfing, þekking og ímyndun? Hvernig má dýpka skynjun, þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu? Hvernig komast þeir í flæði? Er hægt að teikna án þess að nota teikniflöt, teikniáhöld eða eigin hendur?

12:30-13:15 Hvíta fundaherbergi 1. hæð	STORIES – ENSKIR LESTEXTAR OG VERKEFNI ENSKA UNGLINGASTIG
	Umsjón: Arna Guðríður, ritstjóri í upplýsingatækni (gurry@mms.is)
	Námsefnið <i>Stories</i> eru frumsamdir lestrartextar í ensku sem líklegir eru til að höfða til áhugasviðs unglinga. Um er að ræða fjögur þemu; <i>exciting adventures, choices and dilemmas, good work</i> og <i>be the change</i> . Efnið býður upp á líflegar umræður og skoðanaskipti. Á kynningunni mun annar af höfundum efnisins, Kristen Mary Swenson, fjalla um hugmyndafræðina á bak við efnið og hvernig það nýtist í kennslu.

12:30-13:15 Opíð rými, 3. hæð	LESTRARSPJÖLD Í BEKKJARKENNSLU ÍSLENSKA YNGSTA STIG
	Umsjón: Guðbjörg, læsiráðgjafi (gudbjorg.rut.thorisdottir@mms.is)
	Lestrarkortin eru byggð á hugmyndum tveggja kennara sem vildu auka fjölbreytni í lestrarþjálfun og koma betur til móts við þarfir nemenda. Á kynningunni verða kortin og notkunarmöguleikar þeirra í bekkjarkennslu kynnt en þeim er ætlað að þjálfar fleiri þætti læsis en einungis lesfimi. Kortin eru ætluð nemendum á yngsta stigi. Þeim fylgja kennsluleiðbeiningar og tillögur að verkefnum sem einnig verða gerð skil á kynningunni.

12:30-13:30 Rauða fundaherbergi, 2. hæð	VÍSNERÐ – LEIÐBEININGAR OG GÓÐ RÁÐ ÍSLENSKA YNGSTA-, MIÐ- OG UNGLINGASTIG
	Umsjón: Elín Lilja Jónasdóttir, ritstjóri í íslensku (elinlilja@mms.is) og Sigríður, ritstjóri í íslensku (sigridur.wohler@mms.is)
	Vinnustofan nýtist þeim kennurum sem vilja skerpa á kunnáttu sinni í vísnerð undir handleiðslu Ragnars Inga Aðalsteinssonar. Stuðst verður við nýútkomið námsefni eftir Ragnar Inga, <i>Limrur</i> , sem kom út vorið 2019 og <i>Bragfræði</i> sem gæti nýst kennurum við að þjálfar sig og nemendur sína í vísnerð. Báðar bækurnar er hægt að nálgast sem rafbækur á vef mms.is Kveikjan að vinnustofunni er vísuþotnakeppni á meðal grunnskólabarna sem Menntamálastofnun stendur fyrir á <i>degi íslenskrar tungu</i> ár hvert.